

AFSTÖÐA

TIL ÁBYRGÐAR

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUÐAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

Alþingi Íslendinga
Fr. Vigdís Hauksdóttir,
formaður fjárlaganefndar
v/ Austurvöll
150 Reykjavík

Eyrarbakka, 11. ágúst 2014.

Varðar: stöðu námsráðgjafa við fangelsin.

Mikið átak hefur verið gert í uppbyggingu náms í fangelsum landsins á undanförunum árum. Upphaf skólastarfs í fangelsum má rekja samstarfs Fjölbautaskóla Suðurlands við fangelsið á Eyrarbakka, en jákvæðni skólastjórnenda og kennara gagnvart samstarfinu hefur skilað sífellt auknum áhuga fanga á þátttöku í námi - sem hefur síðan einnig skilað sér í önnur fangelsi landsins.

Veruleg breyting varð á námsþátttöku er staða námsráðgjafa, sem áður hafði eingöngu þjónustað fangelsin á Suðurlandi, varð að fullu starfi sem gerði námsráðgjafanum kleift að þjónusta öll fangelsi landsins og þannig miðla einnig til annarra því starfi sem þegar hafði verið lagður grunnur að.

Nú hefur verið tilkynnt að staða námsráðgjafa verði á ný eingöngu hlutastarf, ca. 30% staða!

Að byggja upp menntun í fangelsum er einhver besta leið til að feta veginn í átt til betrunar. Af slíkri betrunarstefnu, líkt og tekin hefur verið upp í nágrannalöndum okkar, er gífurleg samfélagsleg arðsemi. Því eru fangar, og talsmenn fanga sem mynda stjórn Afstöðu, slegnir yfir því að ætlunin sé að minnka starfshlutfall námsráðgjafa svo mikið að ólíklegt er að nokkur fái til starfans.

Stjórn Afstöðu fer því þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að fyrirhugaður niðurskurður verði tekinn til endurskoðunar og staða námsráðgjafa í fangelsum landsins tryggð til framtíðar.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

Afrit:

Fr. Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjar- og menntamálanefndar.

Hr. Illugi Gunnarsson, menntamálaráðherra.

Fr. Hanna Birna Kristjánsdóttir, innanríkisráðherra.

Fr. Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari Fjölbautaskóla Suðurlands.

Fr. Margrét Frimannsdóttir, forstöðumaður fangelsa á Suðurlandi.

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd“

LITLA-HRAUN

820 EYRARBAKKA

KT. 580205-1430